

Byggingarsjóður MK

ÁRSREIKNINGUR 2022



Skýrsla og áritun bæjarstjóra

Ársreikningur Byggingasjóðs MK fyrir árið 2022 er í öllum meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt ársreikningnum nam tap sjóðsins 6 m.kr. á árinu. Eigið fé sjóðsins pr. 31.12.2022 var jákvætt um 94 m.kr. Að öðru leiti vísast til ársreiknings varðandi fjárhagsstöðu sjóðsins og rekstur hans á liðnu ári.

Engar launagreiðslur voru hjá sjóðnum á árinu.

Bæjarstjóri Kópavogsbæjar staðfestir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2022 með undirritun sinni.

Kópavogi, 9. maí 2023

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08.2026

Fagleg aðstoð við gerð ársreiknings

Til stjórnar Byggingasjóðs MK

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings Byggingasjóðs MK fyrir árið 2022 og við vinnu okkar byggt á þeim upplýsingum sem stjórnendur félagsins hafa lagt fram. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRS 4410, sem fjallar um aðstoð við gerð og framsetningu ársreiknings.

Við höfum notað þekkingu okkar á sviði reikningsskila og ársreikningagerðar til að aðstoða fyrirtækið við gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur. Við höfum fylgt fyrirmælum siðareglna, þar á meðal grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni.

Ársreikningurinn, þar á meðal nákvæmni og heild undirliggjandi gagna, er á ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra.

Þar sem aðstoð við gerð ársreiknings er ekki staðfestingarverkefni er þess ekki krafist að við staðfestum nákvæmni eða heild þeirra upplýsinga sem stjórnendur hafa lagt fram. Þar af leiðandi veitum við hvorki álit byggt á endurskoðun né ályktun byggða á könnun um hvort ársreikningurinn sé gerður í samræmi við lög um ársreikninga og settar reikningsskilareglur.

Kópavogi, 9. maí 2023

PricewaterhouseCoopers ehf

Ljósbrá Baldursdóttir
löggiltur endurskoðandi

Rekstrarreikningur ársins 2022

	Skýr.	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022	Ársreikningur 2021
Rekstrartekjur:				
Leigutekjur.....	3	20.945	20.945	20.082
		20.945	20.945	20.082
Rekstrargjöld:				
Afskriftir.....	5	8.683	8.683	8.683
		8.683	8.683	8.683
Hagnaður án fjármagnsliða.....		12.263	12.262	11.399
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:				
Fjármagnsgjöld.....		(17.838)	(9.209)	(11.945)
		(17.838)	(9.209)	(11.945)
Hagnaður ársins.....		(5.575)	3.053	(546)

	Skýr.	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2021
Fastafjármunir:			
Varanlegir rekstrarfjármunir:			
Fasteignir.....		231.779	240.462
Fastafjármunir samtals.....	5	231.779	240.462
Eignir samtals		231.779	240.462

Efnahagsreikningur 31. desember 2022

Skuldir og eigið fé

	Skýr.	Ársreikningur 2022	Ársreikningur 2021
Eigið fé:			
Eigið fé.....		93.505	99.081
Eigið fé samtals	6	<u>93.505</u>	<u>99.081</u>
Langtímaskuldir:			
Langtímaskuldir við Aðalsjóð.....		138.273	141.381
Næsta árs afborganir langtímalána.....		(10.187)	(10.436)
Langtímaskuldir samtals	7	<u>128.086</u>	<u>130.945</u>
Skammtímaskuldir:			
Næsta árs afborganir langtímaskulda.....	7	<u>10.187</u>	<u>10.436</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>10.187</u>	<u>10.436</u>
Skuldir samtals		138.273	141.381
Skuldir og eigið fé samtals		<u><u>231.779</u></u>	<u><u>240.462</u></u>

Yfirlit um sjóðstreymi

	Skýr.	Ársreikningur 2022	Áætlun 2022	Ársreikningur 2021
Handbært fé frá rekstri:				
Hagnaður (tap) ársins.....		(5.575)	3.053	(546)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:		0		
Afskriftir.....	5	8.683	8.683	8.683
Eigin fyrirtæki - verðbætur og vextir.....	2	17.838	9.209	11.945
Veltufé frá rekstri		20.945	20.945	20.082
Aðrar skammtímakröfur, (hækkun)/lækkun.....		0	0	0
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun.....			0	609
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum				609
Handbært fé frá rekstri		20.945	20.945	20.691
Fjármögnunarhreyfingar:				
Eigin fyrirtæki, breyting.....		(20.945)	(20.945)	(20.691)
Fjármögnunarhreyfingar		(20.945)	(20.945)	(20.691)
Lækkun á handbæru fé.....		0	0	
Handbært fé í ársbyrjun.....		0	0	0
Handbært fé í árslok.....		0	0	

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir:

1. Grundvöllur reikningsskilanna.

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt kostnaðarverðsreglu og í samræmi við sveitastjórnarlög, lög um ársreikninga, reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitafélaga og auglýsingar ráðuneytis sveitastjórnarmála um reikningshald sveitafélaga. Ársreikningurinn byggir í meginatriðum á sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Verðlags- og gengisviðmið

Verðtryggðar eignir og skuldir eru færðar miðað við vísitölur sem tóku gildi 1. janúar 2023. Engar skuldir hjá Byggingarsjóði MK eru tengdar erlendum gjaldmiðlum.

3. Innlausn tekna

Tekjur eru færðar í ársreikninginn þegar kröfuréttur myndast.

4. Lotun gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

5. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir þeirra, sem reiknaðar eru sem fastur árlegur hundraðshluti, greinast þannig:

	Fasteignir
Heildarverð 1. 1.	434.131
Afskrifað áður.....	(193.670)
	<u>240.462</u>
Afskrifað á árinu.....	(8.683)
Heildareign 31.12.2022	<u>231.779</u>
Afskriftarhlutföll.....	2%

Digranesvegur 51, fasteignamat 3.119 m.kr., brunabótamat 5.069 m.kr.

6. Eigið fé

Yfirlit um eigið fé:

Eigið fé 1.1.2022.....	99.081
Rekstrarniðurstaða ársins.....	(5.575)
Eigið fé 31.12.2022.....	<u>93.505</u>

7. Langtímaskuldir

Yfirlit um langtímaskuldir:

	Verðtryggð lán
Aðalsjóður, verðtryggt lán með 3,0% vöxtum.....	138.273
Næsta árs afborgun.....	(10.187)
	<u>128.086</u>

Afborganir af langtímaskuldum í árslok greinast þannig á næstu ár:

	Verðtryggð lán
Árið 2023.....	10.187
Árið 2024.....	10.187
Árið 2025.....	10.187
Árið 2026.....	10.187
Árið 2027.....	10.187
Afborganir síðar.....	<u>87.336</u>
Samtals:.....	<u>138.273</u>